

Priðjudaginn 31. janúar 1978.

Nr. 17/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
Birni Vilmundarsyni.

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1978, en ríkissaksóknari hefur veitt leyfi til kærunnar, svo sem áskilið er í nefndri 171. gr. Gögn málsins bærust Hæstarétti 25. janúar.

Kröfur varnaraðilja eru þær, að Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari í Reykjavík, verði talinn vanhæfur til að vinna eða láta vinna að rannsókn þeirri á hendur varnaraðilja, sem nú fer fram í sakadómi Reykjavíkur, og dæmt verði, að yfirsakadómari skuli víkja sæti í málinu.

Í hinum kærða úrskurði eru raktar ástæður þær, sem varnaraðili tilgreindi fyrir því, að yfirsakadómari væri vanhæfur til að vinna að eða láta vinna að framangreindu máli. Í greinargerð til Hæstaréttar telur varnaraðili vanhæfi yfirsakadómara enn fremur stafa af því, að hann hafi ekki gætt eftirlits- og leiðbeiningarskyldu þeirrar, sem á honum hvíli gagnvart dómarafulltrúa þeim, sem annast rannsókn málsins, en fulltrúinn hafi eigi farið að réttum reglum við rannsóknina. Rannsóknin hafi dregist úr hófi og haldið hafi verið yfir henni tilefnislausri leynd gagnvart varnaraðilja.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að yfirsakadómari hafi aðhafst neitt það, er geri hann vanhæfan í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. janúar 1978.

Ár 1978, þriðjudaginn 24. janúar, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómarara.

Hinn 2. desember f. á. bar Tómas Gunnarsson héraðsdómslögmaður fram þær kröfur fyrir hönd Björns Vilmundarsonar, Ægisíðu 94, 1) að Þórir Oddsson aðalfulltrúi skyldi víkja sæti sem rannsóknardómari í dómsrannsókn, sem yfir stendur og beinist gegn Birni, og 2) að yfirsakadómariinn skuli talinn vanhæfur til að vinna eða láta vinna að rannsókn þessari. Um kröfur þessar kvað rannsóknardómariinn, Þórir Oddsson, upp úrskurð hinn 29. f. m. og hafnaði þeim. Úrskurð þennan kærði lögmaðurinn til Hæstaréttar, sem ómerkti úrskurðinn með dómi sínum 17. þ. m. með þeim rökum, að krafa um vanhæfi yfirsakadómarans yrði ekki úrskurðuð af fulltrúa hans.

Málið var síðan tekið fyrir að nýju í gærdag, og kom Tómas Gunnarsson héraðsdómslögmaður þá í dóminn og ítrekaði dómkröfur þær, sem hann hafði áður gert, með þeirri viðbót, að krafist væri sjálfstæðs úrskurðar um, að yfirsakadómari skyldi víkja sæti.

Dómariinn ákvað þá samkvæmt því og með hliðsjón af 2. mgr. 15. gr. laga 74/1974, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga 85/1936, þar sem segir, að dómari úrskurði sjálfur um það, hvort hann víki sæti, að kröfur lögmannsins yrðu teknar til úrskurðar í tvennu lagi. Í þessum úrskurði verður því aðeins fjallað um þá kröfu, að yfirsakadómariinn skuli talinn vanhæfur til að vinna eða láta vinna að málinu.

Kröfu þessa skýrði lögmaðurinn á þennan hátt í sambandi við kröfugerð sína 2. desember:

„Yfirsakadómariinn í Reykjavík, Halldór Þorbjörnsson, hefur með bréfi sínu til mín, Tómasar Gunnarssonar, hdl., lögmanns Björns Vilmundarsonar, dags. 4. nóv. 1977, lýst því, að hann telji, að ég hafi í greindu bréfi mínu til yfirsakadómarans, dags. 17. okt. 1977, viðhaft skammaryrði og ærumeiðandi aðdróttanir um yður, sem ekki væri lögmanni sæmandi, og í framhaldi af því sagt, að bréf mitt og tilgreint bréf hans yrðu send ríkissaksóknara og stjórn Lögmannafélags Íslands, sem ég hef ekki ástæður til að efast um, að hann hafi gert. Verður því að skoða þessa aðgerð yfirsakadómarans sem kæru á hendur mér, Tómasi Gunnarssyni, til ríkissaksóknara vegna meintra refsiverðra réttarbrotá minna.“

Lögmaðurinn hefur komið fyrir dóm, er mál þetta var tekið

til meðferðar að nýju, en hann hefur ekki fært fram nein rök til viðbótar fyrir kröfu sinni.

Tómas Gunnarsson hafði sent yfirsakadómara bréf hinn 17. október, þar sem hann bar fram ýmsar kvartanir yfir störfum rannsóknardómarans, Þóris Oddssonar. Þessum kvörtunum vísaði yfirsakadómari á bug með bréfi, dags. 4. nóv., og tilkynnti lögmanninum jafnframt, að hann mundi senda ríkissaksóknara og stjórn Lögmannafélags Íslands afrit af bréfinu og bréfi lögmannsins vegna ósæmilegra ummæla lögmannsins um rannsóknardóm- arann.

Engin rök eru til þess að telja þessar aðgerðir valda vanhæfi yfirsakadómara til þess að annast áður nefnda rannsókn. Krafa lögmannsins verður þannig ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Krafa Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns f. h. Björns Vilmundarsonar um, að yfirsakadómari skuli talinn vanhæfur til þess að vinna eða láta vinna að framangreindri rannsókn, er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1978.

Nr. 68/1977. **Hafsteinn Hjartarson**
 gegn
Kristjáni Þorvarðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Hafsteinn Hjartarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
